

.....
 „Því djarfmannlegt áráði er eldstólpi sá,
 sem eyðimörk harðstjórnar leiddi okkur frá,
 og guð sem mun gefa okkur landið.“

En hví að vera að orðlengja þetta. Það er ekki hægt að lýsa „Þyrnum“, menn verða að eignast þá og lesa. En það má um Þorstein segja, að hann kennir eins og sá, sem valdið hefir, en ekki eins og hinir skriftlærðu.

LIJÓDMÆLI: S. B. Benediktsson. Winnipeg, 1905.
 Freyja Printing & Publishing Co. 127 bls.

Liðfundur ljóða þessara er þegar orðinn mörgum hér um sveitir nokkuð kunnur. Ljód hans hafa birzt við og við í ísl. blöðunum og enn nokkur, er hinsvegin hafa borist manu frá manni. Þau hafa fengið misjafnan dóm, eftir því sem álit manna hefir verið varið, og lakast, þau hafa á stundum verið látn gjalda föður síns, ef menn hafa átt einhverja hönk við hann að toga, sem stundum hefir viljað til út úr ýmsum skoðanamun og félagsstappi, er altaf fellst nóg til af á meðal vor. Sigfús er maður spottgjarn og óvæginn að upplagi, og því sem hann trúir ekki, trúir hann ekki, og lofar mönnum óspart að heyra það. En það er hreinskilni, sem fáir meta, og því á hann stundum í erjum og því eru öll hans verk og athafnir oft óbilgjarnt dæmd.

Þegar ljód þessi komu út í haust, varð tíðrætt um þau manna á meðal, og svo komu nokkrir dómar um þau í vikublöðunum. En engir þeirra, að oss virðist, sanngjarnir. Þau voru ýmist oflofuð eða oflöstuð.

Í bókinni eru 111 ljód, og er því ekki rúm til að ræða hvert þeirra út af fyrir sig. Mörg þeirra eru vel samín, þó kannske ekki braglýtalaus sum, eins og höf. sjálfur kannast við í formála bókarinnar. Aftur eru allmörg, er vér kunnum ekki við, bæði sökum efnis og kveðanda, en það er ekki höfundarins skuld. Hann segir að fyrir sér vaki, að segja það hátt, sem hann hugsi lágt, og hann hefir gjört það. Hvað eru þeir margir, er þyrðu að gjöra slíkt hið sama? Í því atriði hefir Sigfús sýnt óvestur-íslenzkan dug, og hafi hann þökk fyrir það, þótt vér séum alls ekki samþykkir honum í því, sem hann hefir hugsað.